

2. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2013, haldinn 3. apríl 2013 í Flúðaskóla, kl. 14.40.
22. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Gunnars Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Marín Hlynisdóttir, fulltrúi úr skólaráði, Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Katrín Guðjónsdóttir, fulltrúi kennara. Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi mætti ekki til fundarins.

Dagskrá.

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Rekstur síðastliðins árs**
- 3. Gjaldskrá vegna leigu**
- 4. Skólastefna**
- 5. Talþjálfun**
- 6. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Hér á eftir verður talið upp það helsta sem hefur á daga okkar drifið frá síðasta fundi að öðru leyti hefur hefðbundið skólastarf gengið vel og samkvæmt áætlun.

Þorablót voru haldin að venju hjá nemendum á yngsta og miðstigi þar sem boðið var upp á mat, söng og önnur skemmtiatriði.

Út er komið myndbandið „Fáðu já“ og var það sent skólanum. Myndin er stuttmynd um mörkin milli ofbeldis og kynlífs og er gefin út af þremur ráðuneytum. Við sýndum nemendum 10. bekkjar myndina 30. janúar og var það gert á sama deginum um allt land. Einnig var myndin sýnd í 8. og 9. bekk tveimur dögum síðar.

Nemendur í 5. – 10. bekk tóku þátt í rannsókninni Ungt fólk 2013 með því að svara spurningalista sem lagður var fyrir þau. Rannsóknin er unnin að tilstuðlan menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaga í landinu

Nemendur í 8. - 10. bekk fóru í skíðaferðalag í Bláfjöll 7. – 8. febrúar, var þetta samstarfsverkefni með Zero og skólans og tókst það mjög vel.

Á öskudaginn stóð Foreldrafélag skólans fyrir skemmtun fyrir nemendur í 1.-7. bekk í Félagsheimilinu í samstarfi við skólann en unglíngarnir fóru í íþróttahúsið þar sem háð var keppni í nokkrum íþróttagreinum, milli bekkja og við kennara.

Vitnisburður fór heim með nemendum föstudaginn 22. febrúar og síðan voru viðtöl á þriðjudeginum á eftir.

Halldórmótið í skák var haldið eftir hádegi miðvikudaginn 6. mars og fyrir hádegi fimmtudaginn 7. mars. Mótið er haldið árlega til minningar um Halldór Gestsson sem var húsvörður í Flúðaskóla um árabil og gerði skákíþróttinni góð skil meðan hans naut við. Var þetta í 5. sinn sem

mótið er haldið og var þátttaka góð eins og áður. Alls tóku 82 nemendur þátt, en það eru nemendur í 3.-10. bekk sem hafa þátttökurétt og er það um 80% þátttaka. Öllum nemendum og starfsfólki var boðið upp á vöflur með súkkulaði og rjóma, þannig vildi Halldór hafa vöflurnar sínar. Árni Þór Hilmarsson hafði veg og vanda að mótinu eins og undanfarin ár og á hann þakkir skildar fyrir góða framgöngu sína í þágu skákíþróttarinnar, Valdimar Stefán Sævaldsson var honum til aðstoðar enda mikill skákáhugamaður.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Yngri flokkur (3.-7. bekkur)	Eldri flokkur (8.-10. bekkur)
1. Filip Jan Jozefik 6,5 v	1. Einar Trausti Svansson 6,5 v
2. Vitaliy Krayduba 5,5 v	2. Elís Arnar Jónsson 6 v
3. Nói Mar Jónsson 5,5 v	3. Óskar Sigmundsson 6 v

Þeir Árni Þór og Stefán ætla að bjóða upp á skákæfingar það sem eftir lifir vetrar á miðvikudögum eftir skóla.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar á okkar svæði var haldin í Aratungu mánudaginn 11. mars. Halldór Fjalar Helgason og Þórný Vaka Þorleifsdóttir kepptu fyrir hönd 7. bekkinga í Flúðaskóla. Okkar fulltrúar stóðu sig bæði mjög vel í keppninni, sem var mjög jöfn og ekki auðvelt verk fyrir dómara að dæma krakkana og velja úr þessum flotta hópi. Halldór Fjalar lenti í 2. sæti og óskum við honum til hamingju.

Skólahreystin var haldin 12. mars í Reykjavík, þau Kristín Helgadóttir, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Gylfi Dagur Leifsson og Ágúst Guðmann Úlfarsson kepptu fyrir hönd Flúðaskóla og lenti liðið í 5. sæti í sínum riðli.

Árshátíðarvika var í skólanum síðustu vikuna fyrir páskafrí. Nemendur í 1. - 7. bekk sýndu leikritið Kardimommubæinn í Félagsheimilinu miðvikudaginn 20. mars fyrir fullu húsi. Fyrir hádegi var lokaæfing og þá var eldri borgurum boðið, nemendum í Þjórsárskóla og Undralandi, síðar um daginn var sýning sem allir voru velkomnir á. Mjög góð mæting var í bæði skiptin. 8. - 10. bekkingar voru með Kardimommupema á sinni árshátíð sem var fimmtudagskvöldið 21. mars í Félagsheimilinu. 9. bekkingar höfðu veg og vanda að árshátíð unglínganna eins og undanfarin ár en þetta er jafnframt fjáröflun fyrir 9. bekk. Sá hátturinn er að hver nemandi má bjóða með sér tveimur gestum, boðið var upp á veislumat og skemmtiatriði eins og undanfarin ár. Báðar árshátíðir voru vel undirbúnar enda kennarar og nemendur búnir að leggja mikla vinnu á sig vikurnar á undan.

Skólastýrur og tveir kennarar sóttu fjarnámskeið nú á dögum í innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og grunnþáttum menntunar á vegum Háskóla Íslands. Mjög þægilegt er að geta nýtt sér fjarfundabúnaðinn til slíkra hluta en hann er nú staðsettur í skólanum.

Komin eru drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár. Vinnan hefur gengið vel en eftir er að samræma vetrarfrí fyrir Flúðaskóla og Þjórsárskóla.

Nú eru starfsmannaviðtöl að fara í gang og því ekki fyrir séð hvort auglýsa þarf eftir fólki fyrir næsta vetur.

Fræðslunefnd lýsir yfir mikilli ánægju með framkvæmd árshátíðarinnar í heild og þakkar öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd hennar. Nefndin lýsir einnig yfir ánægju með góða þátttöku í skákmótinu.

2. Rekstur síðastliðins árs.

Farið var yfir rekstur skólans á árinu 2012. Rekstur skólans, þ.m.t. mötuneytisins og skólaselsins. Kostnaðurinn nam rúmlega 191 milljón króna, en áætlun gerði ráð fyrir tæplega 197 milljónum. Fræðslunefnd lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöðuna.

3. Gjaldskrá vegna leigu.

Skólastjóri lagði fram gjaldskrá vegna leigu á aðstöðu skólans og hún svohljóðandi:

Gjaldskrá Flúðaskóla

Skólastofa/matsalur til fundahalda allt að 4 klst.	7.500.-
Skólastofa/matsalur til fundahalda heill dagur	15.000.-
Tölvustofa allt að 4 klst.	15.000.-
Tölvustofa heill dagur	25.000.-
Matsalur og eldhús, afnot af eldhústækjum og borðbúnaði, heill dagur	30.000.-
Gisting í skólahúsnæði, per mann	500.-

Sé um mikla samfellda notkun sama aðila að ræða er samið um það sérstaklega.

Reglur vegna leigu á skólahúsnæði

- Í lok leigu skal leigutaki hirða rusl og skilja við húsnæðið eins og komið var að því.
- Öll neysla áfengis eða annarra vímuefna og tóbaks er bönnuð, bæði í skólahúsnæði og á skólalóð.
- Leigutaki ber fulla ábyrgð og bætir allt það tjón sem kann að hljótask meðan á leigutíma stendur.

Rætt um gjaldskrána. Fræðslunefnd samþykkir ofangreinda gjaldskrá.

4. Skólastefna.

Formaður fór yfir stöðuna við gerð skólastefnunnar og lagði skólastjóri fram drög að skólastefnu. Farið var yfir drögin og athugasemdir gerðar. Samþykkt að vinna skjalið áfram og leggja aftur fyrir næsta fund.

5. Talþjálfun.

Kolbrún Haraldsdóttir, deildarstjóri sérkennslu kom inn á fundinn. Hún hefur skoðað möguleika á að fá talþjálfun heim í hérað. Í rannsókn frá 2012 kom fram skýr vilji foreldra að talþjálfun verði eflid. Hún skýrði frá því að málþroskafrávik hjá börnum hafi oft á tíðum félagslega erfiðleika í för með sér þegar börnin koma fram á unglingsár.

Nemendur hafa þurft að sækja þjónustu talmeinafræðinga til Reykjavíkur. Hjá skólaskrifstofunni er eingöngu er sinnt greiningu.

Kolbrún telur að ráða þurfi talmeinafræðing í 20% stöðu. Hún fór einnig yfir hvernig hægt væri að skipuleggja starf talmeinafræðings, sem þá starfaði bæði á leik- og grunnskólastigi. Hugmyndin er sú að talmeinafræðingurinn yrði ráðinn frá og með næsta hausti. Fræðslunefnd tekur jákvætt í málið og felur skólastjóra að skoða málið frekar, m.a. í samvinnu við leikskólann, fyrir næsta fund.

6. Önnur mál.

a) Umsókn um launalaust leyfi. Skólastjóri lagði fram umsókn frá kennara um launalaust leyfi, frá og með 1. ágúst. Fræðslunefnd samþykkir umsóknina.

b) Nýbúar. Skólastjóri sagði frá fjölsóttu íslenskunámskeiði sem haldið var fyrir skömmu. Túlkþjónusta er kostnaðarsöm og þörfin fyrir hana sífellt að aukast. Umræðan um hve lengi er boðið upp á slíka þjónustu hefur komið reglulega upp á yfirborðið. Í ljósi þessa þarf að skoða kostnaðinn sérstaklega við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

c) Rusladagurinn. Gunnar Jóhannesson, nýskipaður ruslamálaráðherra, ræddi um skipulag Rusladagsins og lýsti áhuga sínum á að fá nemendur skólans til liðs við verkefnið, t.d. með sérstökum Umhverfisdegi skólans. Hann taldi heppilegast að dagurinn yrði um mánaðarmótin næstu.

Skólastjóri tók vel í málið og taldi heppilegast að nemendur legðu áherslu á að hreinsa svæðið í nágrenni skólans og lagði til að annaðhvort 26. apríl eða 3. maí yrðu fyrir valinu.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16.15.